

Stjórnarfundur FEB nr. 482 miðvikud. 8. febrúar 2023

kl. 14.00 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.

Mættir : Ingibjörg Sverrisdóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir, Kolbrún Stefánsdóttir, Kári Jónasson, Halldór Frímansson og Geir A. Guðsteinsson.

Fjarverandi aðalmaður: Ólafur Örn Ingólfsson, Viðar Eggertsson og Kristján Árnason.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

1. Stjórnarfundargerð nr. 481 samþykkt.

2. Erindi til stjórnar

Stjórn tók fyrir erindi varðandi beiðni um undanþágu vegna aldurs kaupanda á íbúð byggða af FEB, vegna sérstakra fjölskylduaðstæðna. Afgreiðsla stjórnar var eftirfarandi: Beiðnin um kaup/sölu fellur ekki undir þinglýstar kvaðir er á íbúðinni hvíla.

3. Svar Persónuverndar (PV)

Farið yfir svarbréf Persónuverndar frá 6. febrúar 2023 vegna erindis sem félagið sendi PV í apríl 2022 vegna nýrra gagna um áður tilkynntan öryggisbrest. Í niðurlagi svarbréfs Persónuverndar stendur:

„.... telur Persónuvernd ekki tilefni til þess að stofnunin beiti þeim valdheimildum, sem henni eru fengnar.. :...., meðal annars með hliðsjón af mála fjölda og forgangsröðun hjá stofnuninni“

og kemur síðar fram að málið hafi verið felld niður hjá PV.

4. Undirbúningur aðalfundar

Til undirbúnings aðalfundar FEB sem halda á 2. mars 2023 var farið yfir eftirfarandi:

- Tillögur að lagabreytingum
- Tillögu að hækkun árgjalds. Stjórnin samþykkti að leggja fyrir aðalfund tillögu að hækkun árgjalds um kr. 600.
- Skipun í kjörnefnd, fundarstjóra og ritara, aðalfundar.
- Uppbyggingu skýrslu nefnda

5. Starfsmannamál.

Framkvæmdastjóri FEB fór yfir stöðu starfsmannamála. Ráða þarf nýjan starfsmann í stað þess sem hættir vorið 2023.

6. Lán sem hvílir á eign FEB.

Stjórnin samþykkti tillögu framkvæmdastjóri FEB að greiða verulega inn á það lán sem á húsnæði FEB hvílir þar sem verðbólgan er mjög há og lánið verðtryggt.

7. Leigufélag aldraðra

Formaður fulltrúaráðs fór yfir upplýsingar sem fulltrúaráðinu hafði borist frá stjórnarformanni LA, frá síðasta stjórnarfundum.

8. Önnur mál.

Tillaga að siðareglum sendar til umsagnar til stjórnar

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00

Ingibjörg Þ. Smaradóttir
Ingibjörg Óskarsdóttir
Kjartan
Geir A. Guðsteinsson
Guðsteinsson

Fundargerð ritaði
Geir A. Guðsteinsson